

BORGARRÁÐ 28. september 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um skilgreiningu á hugtakinu hagkvæmt húsnæði – MSS23090180

Lagt er til að borgaryfirvöld komi á skilgreiningu og viðmiði um það hvað megi teljast sem „hagkvæmt húsnæði.“ Hún verði bundin við ákveðið hlutfall af markaðsverði, eða vísitölu byggingarkostnaðar. Skilgreiningin feli í sér að hagkvæmnin sé skilgreind út frá forsendum þeirra sem kaupa eða leigja viðkomandi húsnæði.

Greinargerð:

Hugtakið „hagkvæmt húsnæði“ birtist fyrst í kynningum borgaryfirvalda vorið 2014. Ekki hefur verið útfærð sérstök skilgreining á því hvað felst í þeirri skilgreiningu. Á vefsíðu kemur fram að hagkvæmt húsnæði sé fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Jafnframt bindi Reykjavíkurborg lóðaúthlutunum ákveðnum skilyrðum til að ágóði lóðaúthlutnar skili sér til kaupendana. Einnig er talað um að settar séu fram skorður til að íbúðir hækki ekki umfram vísitölu. Fyrir utan þessi atriði er ekki nánari skilgreining á því hvað „hagkvæmt húsnæði“ þýðir. Hugtakið er því í dag merkingarlítið, og háð túlkun hvers og eins á hverjum tíma. Nauðsynlegt er að skilgreina „hagkvæmt húsnæði“ nánar svo það sé skýrt um hvað sé nákvæmlega verið að ræða, þegar hugtökum sem þessum er beitt í húsnæðisáætlunum borgarinnar.